

7. stjórnarfundur EBAK þ. 27. ágúst 2024 kl. 15.

Þóra Hjaltadóttir tilkynnti forföll, Björn Snæbjörnsson var í símasambandi, aðrir stjórnarmenn voru mættir.

1. Umræður voru um húsnæðismál félagsins að Bugðusíðu 1.

2. Hugmyndir að þróunarverkefni.

Karl Erlendsson kynnti samantekt á hugmyndum um þróunarverkefni Íbúðapróunarfélags Akureyrar fyrir 60 ára og eldri á Akureyri, sem hann og Guðmundur Magnússon unnu og lögðu fyrir Sesselju Barðdal hjá Drift.

Skilgreina þarf starfsemi ÍBA 60+ og aðkomu að þróun, uppbyggingu og rekstri íbúðarhúsnæðis fyrir markhóp félagsins, sem er íbúar á Akureyri 60 ára og eldri. Hér á eftir verður fjallað um áhugaverð svæði fyrir íbúðir ætlaðar markhópnum.

- a. Reitur við Þursaholt þar yrði byggt 80 manna hjúkrunarheimili samtengt við íbúðir fyrir eldri borgara, nokkurs konar lífsgæðakjarni.
- b. Tjaldsvæðisreitur, sérstakleg áhugaverð staðsetning gagnvart félags- og þjónustumiðstöðinni í Víðilundi, sundlaug og líkamsræktarstöð, einnig vegna nálægðar við Hlíð.
- c. Reitur við Lögmannshlíð og Síðuskóla, ekki verður byggt þar hjúkrunarheimili, en fyrirhugað er að reisa þar leikskóla. Þar kæmi til greina að byggja íbúðir fyrir eldri borgara. Nálægðin við félags- og þjónustumiðstöðina Bjarg og við hjúkrunarheimilið Lögmannshlíð gerir reitinn einkar áhugaverðan.
- d. Reitur sunnan við Naustaskóla og vestan við Hagahverfi. Hugmynd er um að skapa þar kynslóðahverfi, þar sem ungir og aldnir búa í nábýli. Skipulag og þjónustuframboð hverfisins myndi m.a. byggjast á niðurstöðum starfshóps Akureyrarbæjar um lífsgæðakjarna sem er í vinnslu, en einnig á niðurstöðum húsnæðiskönnunar EBAK sem gerð var vorið 2024.

Fróðlegt er að skoða áhugaverðar fyrirmyndir frá Danmörku, en þar er mikil þróun í margvíslegum sambýlisformum.

Þessar hugmyndir verða lagðar fyrir stjórn Driftar en umsóknir um þróunarverkefni og styrk frá þeim verða afgreidd í næsta mánuði.

3. Verkefnið „Göngum í skólann“

Verkefnið „Göngum í skólann“ hefst 4. september og stendur í viku. Héðinn Svarfdal mun auglýsa kynningarfundum í Dagskránni en þeir verða þ. 2. og 3. sept. Einnig verður þetta auglýst á heimasíðu EBAK. Þeir eldri borgarar sem áhuga hafa á að taka þátt í þessu verkefni mæta þá á þessa fundi.

BS KG
Björn K. V.
Valdy M. H. M.

Önnur mál.

Leysa þarf Karl Erlendsson formann af á skrifstofu frá 8. september til mánaðarmóta. Stjórnarmenn skiptu afleysingu á milli sín.

Formenn nefnda koma á fund stjórnar þann 5. september kl. 15.15.

Áhugi er á að halda almennan félagsfund, því mörg mál þarf að ræða. Það verður skoðað síðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.45.

Valgerður Jónsdóttir ritari.

Karl Erlendsson

Karl Erlendsson

Valgerður Jónsdóttir

Stjórnarmenn

Valg. Jónsd.

Margrjet H. Marrius el.